

8.7 Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar

Tímabundin rekstrarstöðvun: Ef rekstur verksmiðjunnar er stöðvaður um tilgreint eða ótilgreint tímabil, en áframhaldandi rekstur fyrirhugaður.

Endanleg rekstrarstöðvun: Ef ákvörðun liggur fyrir um að stöðva rekstur verksmiðjunnar fyrir fullt og allt.

Um áætlunina: Áætlunin gildir fyrst og fremst um tímabundna rekstrarstöðvun en skal höfð til hliðsjónar ef og þegar til endanlegar stöðvunar kemur.

Verksmiðjustjóri í umboði framkvæmdastjóra ber ábyrgð á að framfylgja eftirfarandi áætlun.

Ákvörðun um rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirfarandi aðilum:

- Fjarðabyggðarhafnir
Sími 470 9016
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
Hákon Hansson s: 862 43 48
- Umhverfisstofnun
Sími 591 2000

Þetta ber að gera:

Sjá til þess að eftirfarandi tankar og lagnir séu algjörlega tæmd og hreinsuð:

- Löndunar- og blóðvatnslagnir að og frá löndunarhúsi.
- Hráefnistankar H1 til H6 auk fjölnotatanks.
- Blóðvatnstankar B1 og B2 auk tvíburatanka.
- Dagtankur olíu – í samráði við birgja (N1).
- Lýsistankar L1 til L6 og lýsislagnir að og frá tönkum.
- Allir tankar í vinnsluferlinu; pressuvökvatankar, soðlýsistankar, soðtankar, kjarnatankar, gróflýsistankar, dagtankar lýsis, dagtankar mjöls.
- Allar lagnir í vinnsluferlinu, þmt afsogslagnir og frárennslislagnir.
- Mjöltankar M1 til M4.

Aftengja skal háspennulagnir í samráði við Rarik.

Gera skal ráðstafanir til flutninga, förgunar eða geymslu efna ss sýru, sóða, þvottaefna og annarra efna sem hætta getur stafað af.

Sinnt skal viðhaldi véla og tækja þó til rekstrarstöðvunar komi, svo lengi sem þau eru ekki fjarlægð.

Sinna skal viðhaldi á húsnæði og umhirðu á lóð og athafnasvæði þó til rekstrarstöðvunar komi.